

„Guðnastofa“. Málþing til heiðurs Guðmundi Jónssyni sjötugum, Háskóla Íslands, 19. sept. 2025

Kæri Guðmundur! Kæra Sæunn, kæru gestir

Mér er það heiður og ánægja að flytja nokkur orð á þessu málþingi til heiðurs Guðmundi Jónssyni. Ég held það megí segja að leiðir okkar hafi fyrst legið saman snemma á síðasta áratug síðustu aldar. Við nutum þess þá báðir að geta stundað rannsóknir í herbergi Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands uppi á fjórðu hæð í Árnagarði. Sambúð okkar var góð. Ég lá í mínu grúski og Guðmundur safnaði sögulegum hagtölum af miklum móð.

Árið 1997 urðu þrenn tímamót í þessari sögu. Sjálfur ákvað ég að sækja um doktorsnám í sagnfræði úti í Oxford og hverf því um skeið úr henni. Í öðru lagi kom stórvirkið Hagskinna út. Guðmundur var þar einn höfunda og er verkið til vitnis um ómælda elju hans, útsjónarsemi og seiglu í fræðunum. Í þriðja lagi bar það svo til þetta ár, 1997, að vistarverum Sagnfræðistofnunar var gefið nýtt heiti – Guðnastofa, til heiðurs Guðna Jónssyni, afa Guðmundar. Var það auðvitað vel við hæfi. Bækur stofnunarinnar voru margar frá Guðna komnar – Guðna magister eins og hann var gjarnan kallaður.

Eins og fram hefur komið á þessum viðburði hafði Guðmundur að sjálfsögðu látið að sér kveða áður en heimildasafnið Hagskinna birtist og síðan hefur hann svo sannarlega ekki setið auðum höndum. Það staðfestir ritaskráin, það staðfesta Söguslóðir og það getum við vitnað um sem stritum á akri sögugyðjunnar. Ég hygg að flest eða öll okkar hafi notið góðs af dugnaði Guðmundar. Í verkum sínum hefur hann verið vandvirkur og traustur, rétt eins og hann er sjálfur í viðmóti og vill auk þess leysa hvers manns vanda, léttur í lund þegar það á við. Vissulega er hann nokkuð íhaldssamur í sagnfræðilegum vinnubrögðum en í jákvæðum skilningi, og ætíð fús til að kynna sér nýjustu

tækni og vísindi, bara ekki kannski alltaf allra nýjustu kenningar enda koma þær og fara eins og dæmin sanna.

Kæri Guðmundur, góði vin. Kæru vinir: Ég lýk þessu stutta erindi á sama stað og ég hóf það. Guðnastofa stendur enn og megi svo vera lengi áfram. Eitt hefur þó breyst. Þeim fjölgar sífellt í hópi sagnfræðinema sem telja hana kennda við þann sem hér stendur, ekki Guðna Jónsson. Í póstmóðernískum anda mætti auðvitað gangast við þessu eins og hverju öðru sjónarmiði hvers og eins. Er sagan ekki bara sjónarmið? Hver er til þess bær að rengja þessa upplifun fólks? Er það ekki hún sem skiptir meira máli en *wie es eigentlich gewesen*? Þar að auki gæti þetta sparað stórfé. Við þurfum ekki að reisa á fimm hæðum The Jóhannesson Temple of Cod War Studies.

En nei, gott fólk! Hafa skal það sem sannara reynist. Ein hinna fjölmörgu fræðigreina Guðmundar heitir einmitt: „Er sagan bara sjónarmið?“ Hann var eiginlega of kurteis þar til að svara með ótvíræðu neii en það svar mátti samt finna milli nær allra línanna, ekki síst í þessari málsgrein sem ég tek heilshugar undir og geri að mínum eigin lokaorðum: „Sagnfræðileg hlutlægni er hið gagnvirka samband milli sagnfræðingsins og fortíðarinnar. Söguleg frásögn vísar alltaf til einhvers veruleika og sé rannsóknin nákvæm ... og ítarleg ... getum við fengið sannferðuga, hlutlæga mynd af viðfangsefninu. Sagnfræðingurinn hefur ekki óbundnar hendur við að búa til frásögn og ljá henni merkingu. Hann er bundinn bæði af heimildunum og þeim reglum og aðferðum sem fræðigrein hans setur til að stuðla að hlutlægni.“

Til hamingju, Guðmundur, með þitt mikilsverða framlag til fræðanna. Sinnum þeim áfram, stöndum vörð um sannleiksgildið í sagnfræðinni. Hittumst öll áfram í Guðnastofu magisters!